



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2019
R2019020025/12.8.4

Kt. 420169-3889.

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (stofnanir á málefnasviði félags- og barnamálaráðherra) -495. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. febrúar 2019 móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp.

Breytingum þeim sem lagðar eru til með frumvarpinu er ætlað að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt lögum sem falla undir málefnasvið félags- og barnamálaráðherra samrýmist ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það feli ekki í sér efnislegar breytingar á gildandi rétti heldur séu einvörðungu lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga til samræmis nýrri persónuverndarlöggjöf.

Telur ríkisskattstjóri rétt að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp þetta:

I. *Breyting á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum*

Með 6. gr frumvarpsins eru lagðar til nýjar málsgreinar í stað 1. og 2. mgr. núgildandi 3. gr. laga nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara

Er hin fyrsta svohljóðandi:

„Þegar einstaklingur óskar eftir aðstoð umboðsmanns skuldara skal umboðsmaður afla þeirra upplýsinga sem hann telur nauðsynlegar, á því stigi málsmeðferðar sem við á hverju sinni, til að geta sinnt hlutverki sínu samkvæmt hlutadeigandi lögum. Upplýsinganna skal afla frá skuldara, opinberum aðilum og einkaaðilum, svo sem um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðir, framfærslu- og húsnæðiskostnað sem og framferði einstaklingsins. Ber framangreindum aðilum að veita umboðsmanni skuldara umbeðnar upplýsingar án endurgjalds búi þeir yfir þeim. Upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg, að mati umboðsmanns, til að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.“

Ríkisskattstjóri telur að ávallt fari illa að fela utanaðkomandi aðila frjálst mat um það hvaða upplýsingar úr gagnasafni embættisins viðkomandi telji nauðsynlegar til framkvæmdar á verkefnum sem viðkomandi hafa verið falin. Afhending þessara gagna til ríkisskattstjóra fer fram í trúnaði og í því skyni að tryggja rétta álagningu skatta og gjalda. Um er að ræða viðkvæmar upplýsingar um fjárhags- og einkamálefni einstaklinga og eru þau háð ríkri þagnarskyldu, sbr. m.a. 117. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003. Afar óheppilegt er að þriðji aðili hafi alfarið úrslitavald um að hvaða marki forsendur séu taldar til að rjúfa lögverndaðan þagnarmúr um einkamálefni almennings sem skylt er að afhenda skattyfirvöldum.

Þá bendir ríkisskattstjóra á að þrátt fyrir að umboðsmanni skuldara sé á málefnalegum forsendum heimill aðgangur að upplýsingum í vörslu skattyfirvalda sé rétt að sá aðgangur einskorðist við upplýsingar sem nauðsynlegar séu til framgangs afgreiðslu einstakra úrlausnarefna umboðsmanns hverju sinni. Ákjósanlegt væri að skýrt komi fram að sú nauðsynlega upplýsingaöflun sem umboðsmanni sé skylt að sinna skuli takmarkast af viðkomandi einstökum úrlausnarefnum sem umboðsmanni hefur verið falið lögum samkvæmt, í stað breiðrar vísunar til þess að gagnaöflun sé talin nauðsynleg vegna almenns hlutverks umboðsmanns. Lagalegt hlutverk umboðsmanns skuldara og vísun til þess reisir ekki fullnægjandi skorður við upplýsingaöflun á grundvelli undantekningar frá ríki þagnarskylduákvæðum skattalaga.

Jafnframt vekur ríkisskattstjóri athygli á að ótækt sé að embættið skuli beri þann kostnað sem kann að hljóta af miðlun upplýsinga sem umboðsmaður óski aðgangs að.

Önnur nýja málsgreinin sem frumvarp þetta leggur til í stað 1. og 2. mgr. núgildandi 3. gr. laga nr. 100/2010 er eftirfarandi:

„Umboðsmanni skuldara er heimilt að miðla til kröfuhafa viðeigandi upplýsingum sem gefa heildarmynd af fjárhag skuldara þegar slík miðlun er nauðsynleg, að mati umboðsmanns, til að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.“

Ríkisskattstjóri telur orðalag þetta, með almennri vísan til *hlutverks* umboðsmanns skuldara, veita of ríka heimild til miðlunar fjárhagsupplýsinga til kröfuhafa. Bent er á að í athugasemdum í greinargerð við þetta ákvæði kemur fram að slík heimild þurfi að vera skýr til að tryggja að umboðsmaður geti haft milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 100/2010. Eðlilegra væri hið sértækara orðalag er fram kemur í greinargerð, og með vísan til greinds staflíðar, verði látið endurspeglast í þessari nýju málsgrein, í stað vísunar til ákvæða um almennt hlutverk umboðsmanns.

II. *Breyting á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, með síðari breytingum*

Með 9. gr. frumvarps er lagt til nýtt og svohljóðandi orðalag núgildandi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 101/2010, um greiðsluáðlögun einstaklinga:

„Á því stigi málsmeðferðar sem við á hverju sinni skal umboðsmaður skuldara óska eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum frá skuldara, opinberum aðilum og einkaaðilum, svo sem um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðir, framfærslu- og húsnæðiskostnað og framferði skuldarans. Ber aðilum skv. 1. málsl. að veita umboðsmanni skuldara umbeðnar upplýsingar án endurgjalds búi þeir yfir þeim. Upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg, að mati hans, til að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum og að skuldari hafi, áður en hún fer fram, staðfest að hann hafi verið upplýstur um fyrirhugaða upplýsingaöflun í viðkomandi máli, svo sem með því að undirrita yfirlýsingu þess efnis.“

Þarna kemur fram að umboðsmaður skuli afla nauðsynlegra upplýsinga, s.s. fjárhagsupplýsinga frá opinberum aðilum sem eru þó í þessu tilviki taldar upp í dæmaskyni er skylt sé að afhenda endurgjaldslaust. Gert er ráð fyrir að til grundvallar slíkri upplýsingagjöf liggi mat umboðsmanns á því hvaða upplýsingar hann telji nauðsynlegar til þess að sinna

hlutverki sínu lögum samkvæmt.

Ríkisskattstjóri ítrekar, hvað 9. gr. frumvarpsins varðar, þau sjónarmið sem fram komu í kafla I að framan um mikilvægi afmörkunar við mat á nauðsyn upplýsingagjafar og endurgjald fyrir slíkt, sem og varðandi forsendur og skorður við miðlun upplýsinga úr gagnasafni embættisins.

III. *Breyting á lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, nr. 9/2014*

Með 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær nýjar málsgreinar í stað núgildandi 3. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2014, um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Síðari málsgreinin er samhljóða nýrri 2. mgr. 5. gr. laga nr. 101/2010, sbr. kafla II að framan, og ítrekar ríkisskattstjóri enn framangreind sjónarmið sín um það sem þar kemur fram.

IV. *Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum*

Með 12. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á núgildandi 57. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hljóðar 1. mgr. nýs ákvæðis svo:

„Að því marki sem nauðsynlegt er vegna vinnslu umsókna um þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum skulu félagsmálanefndir og starfsmenn þeirra afla upplýsinga frá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, ríkisskattstjóra, Útlendingastofnun, Íbúðalánasjóði, heilbrigðisstofnunum, atvinnurekendum, starfsendurhæfingarsjóðum, viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og skólum á háskólastigi, eftir því sem við á hverju sinni, og ber hlutaðeigandi aðilum að verða við beiðni um upplýsingar búi þeir yfir þeim.“

Í þessu samhengi vekur ríkisskattstjóri athygli á því að núgildandi 1. mgr. 24. gr. laganna er með eftirfarandi hætti:

“Skylt er að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.“

Þannig er með breyttri 57. gr. ríkara samspil við upplýsingaskyldu til félagsmálanefnda skv. 24. gr. en að óbreyttum lögum sem einungis kveða á um að „öflun gagna og upplýsinga skuli unnin í samvinnu við skjólstæðing...“ Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að huga sérstaklega að þessum tengslum við útfærslu á nýju orðalagi 57. gr. og mögulegri skörun fyrrgreindra ákvæða.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Ingvar J. Rögnvaldsson

Ingvar J. Rögnvaldsson

KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR

Kristín Gunnarsdóttir